

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 30. nóvember 2023

Mál nr. S-3401/2023:

Héraðssaksóknari

(Klara Dögg Steingrimsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Höskuldi Pétri Jónssyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 2. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 25. maí 2023, á hendur Höskuldi Pétri Jónssyni, kt. [...], [...], [...], [...], „fyrir eftirfarandi brot gegn almennum hegningarlögum, umferðar-, lögreglu- og vopnalögum, framin að kvöldi fimmtudagsins 24. júní 2021:

- Fyrir hættubrot og umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni [...], af gerðinni Toyota Corolla, án gildra ökuréttinda og á vítaverðan og ógnandi hátt að bifreið, þar sem í voru A, kt. [...] og B, kt. [...], ekið var um [...] í [...] þar sem ákærði hóf eftirför á eftir þeim sem varði um 10 km langan vegarkafli, allt að [...]landi og aftur á Þjóðveg en á meðan akstrinum stóð gerði ákærði tilraun til að þvinga þau út af veginum. Með framangreindri háttsemi stofnaði ákærði lífi og heilsu A og B í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.
- Fyrir brot gegn lögreglulögum, með því að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu um að stöðva bifreiðina [...], en lögregla veitti ákærða eftirför frá [...]vegi inn á [...]veg, þar sem honum voru gefin merki með forgangsljósum og hljóðmerkjum um að stöðva aksturinn, en ákærði ók þaðan inn á [...]veg, allt uns ákærði stöðvaði bifreiðina við afleggjarann við [...], þar sem lögregla hafði afskipti af honum.
- Fyrir vopnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum hníf, með 18 cm löngu hnífssblaði, í bifreið sinni [...] af gerðinni Toyota Corolla, sem lögregla fann þegar hún hafði af honum afskipti.

Telst háttsemi ákærða varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 94. og 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að því er varðar brot samkvæmt 1. tl. ákærunnar, við 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 að því er varðar brot samkvæmt 2. tl. ákærunnar og a. lið 2. mgr. 30. gr. og 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998 að því er varðar 3. tl. ákærunnar.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakar-
kostnaðar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þá er þess krafist að hnífur af gerðinni Reapr (munur nr. [...]) sem lögregla lagði
hald á verði gerður upptækur með vísan til 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Einkaréttarkröfur:

1. Af hálfu A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum
miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og
verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, hinn 24.
júní 2021, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, auk dráttarvaxta, skv. 9.
gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

2. Af hálfu B, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni
miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og
verðtryggingu, nr. 38/2001, frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, hinn 24.
júní 2021, og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, auk dráttarvaxta, skv. 9.
gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

3. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til þess að greiða þóknun lögmanns
brotþola samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum reikningi, að teknu tilliti til
þess að brotþolar eru ekki virðisaukaskattskyldir.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærulið 1 verði vísað frá dómi og ákærði
verði sýknaður af öðrum liðum ákærunnar. Til vara krefst hann sýknu af öllum ákæru-
liðum, en til þrautavara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hann krefst þess jafnframt aðal-
lega að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara krefst hann sýknu af henni, en til þrauta-
vara verulegrar lækkunar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr
ríkissjóði.

Málsatvik

Þann 24. júní 2021 var lögregla kölluð að [...]vegi við [...]veg í forgangsakstri.
Brotþolin A hafði tilkynnt að ákærði, sem væri nágrenni hans, væri að veita honum
eftirför og reyna að keyra á bifreið hans. Ákærði væri ógnandi. Tvö mótörhjól frá

umferðardeild og lögreglubifreið fóru á vettvang. Umferðardeild veitti bifreið ákærða eftirför frá [...]vegi að [...]vegi. Þegar ákærði ók inn á [...]veg voru honum gefin merki um að stöðva aksturinn með bláum forgangsljósum og hljóðmerkjum. Ákærði stöðvaði ekki aksturinn. Hann ók svo af [...]vegi inn á [...]veg en þá tók lögreglubifreið fram úr umferðardeild og ók fyrir aftan bifreið ákærða. Þegar ákærði ók að afleggjaranum við [...] stöðvaði hann aksturinn. Lögreglumenn á vettvangi fóru beint að ákærða og gáfu honum skýr fyrirmæli um að stíga út úr bifreiðinni sem hann gerði þó ekki. Þegar lögreglumenn sáu stóran veiðihníf í farþegasæti bifreiðarinnar var ákærði tekinn úr bifreiðinni með lögreglutökum og settur í handjárn.

Rætt var við ákærða á vettvangi. Kvaðst hann hafa ekið á eftir brotapolanum A þar sem hann hefði tekið girðingarefni sem ákærði hefði ætlað að nota til að girða af land sitt, en brotapolinn hefði tekið girðinguna sem þar var áður í leyfisleysi. Seinna sagði ákærði að hann hefði verið að baða sig og séð brotþola aka yfir hundinn sinn, en hann hefði þá stokkið í föt og farið á eftir honum. Hundinum hefði ekki orðið meint af. Ákærði kvaðst aðeins hafa viljað ræða við brotapolann A og skildi ekki hvers vegna lögreglan væri að stöðva hann, en hann teldi sig ekki hafa gert neitt rangt. Aðspurður hvers vegna hann stöðvaði ekki þegar lögreglan gaf merki kvaðst hann hafa ætlað að aka upp að girðingunni og sýna lögreglunni. Hann sagði hnífinn í framsætinu vera fyrir girðingarvinnu, en seinna kvaðst hann ekki kannast við neinn hníf.

Rætt var við báða brotþola á vettvangi. Samkvæmt skýrslu lögreglu var brotapolinn A sjáanlega í uppnámi, með tár í augum og gat ekki staðið kyrr. Hann kvað ákærða hafa misst jörðina [...] til bankans og þau hjónin keypt hana árið 2018. Ákærði búi í [...] sem standi á landi [...], en húsið sé í eigu dætra ákærða. Ákærði hefði verið með 18 hross í leyfisleysi á landinu og hefði sett þar upp girðingar. Brotapolinn kvaðst hafa tekið upp ónýta girðingu og sett mól yfir ristarhlið og það séu upptök atviksins þennan dag. Ákærði hefði aftur girt svæðið daginn áður eða um morguninn og hann hefði farið þennan dag og tekið girðinguna upp í annað sinn. Ákærði hefði séð þau hjónin og ekið í átt að þeim með mjög ógnandi hætti og farið það nálægt þeim að hann hefði þurft að bakka upp afleggjara að [...] til að ná að komast fram úr ákærða. Ákærði hefði haldið eftirför sinni áfram niður [...]afleggjarann, niður á [...]veg og þaðan á [...]veg. Brotapolinn hefði haldið akstri sínum áfram og ekki þorað að stöðva. Hann hefði ekið inn [...]veg og komið niður [...]veg aftur inn á [...]veg þar sem hann hefði mætt lögreglu. Brotapolinn kvaðst vera hræddur við ákærða og trúá honum til alls.

Fram kom hjá brotapolanum B, eiginkonu A, að hún hefði verið farþegi í bifreiðinni þegar ákærði hefði veitt þeim eftirför. Samkvæmt skýrslunni var hún sjáanlega í miklu áfalli, skalf öll og grét og þurfti tíma til að jafna sig áður en hægt var að ræða við hana. Fram kom hjá henni að ákærði hefði átt jörðina þeirra áður en þau hefðu keypt hana af [banka]. Hún kvað ákærða hegða sér eins og hann ætti landið og

verða brjálaðan ef þau gerðu eitthvað á landinu. Hann væri þar með 18 hesta í leyfisleysi og væri að girða girðingar um alla lóð. Fyrir nokkrum dögum hefði hann sett upp girðingu sem eiginmaður hennar hefði tekið niður. Daginn áður hefði ákærði aftur sett upp girðingu sem eiginmaður hennar hefði tekið niður fyrir þetta kvöld. Þau hjónin hefðu ekið upp á lóðina við [...] þegar þau hefðu séð ákærða koma akandi á miklum hraða frá húsinu að bifreið þeirra og virst ætla að keyra á þau. Eiginmaður hennar hefði náð að bakka frá bifreið ákærða á miklum hraða, beygja niður á lóðina og bruna á burt. Þau hefðu ekið [...]veg og [...]veg. Ákærði hefði ekið á eftir þeim og allan tímann verið að reyna að taka fram úr þeim eða aka í hliðina á bifreið þeirra. Hún teldi ákærða hafa elt þau til að gera þeim eitthvað slæmt en hann hefði oft hótað því að skjóta þau. Þá hefði hann elt son þeirra á bifreið á miklum hraða en öll fjölskyldan hefði verið í áfalli eftir það og verið lengi að jafna sig. Hún sagði þeim stafa mikil ógn af ákærða og að hún óttaðist hann mjög.

Í málinu liggur fyrir upplýsingaskýrsla lögreglu um hljóðupptöku frá neyðarlínu vegna samskipta við brotapolann A þann 24. júní 2021, klukkan 20:59. Hljóðupptakan, sem liggur frammi í málinu, er að heildarlengd 9:55 mínútur. Á hljóðupptökunni má heyra brotapolann segja lögreglu að ákærði sé að ógna þeim á bifreið í [...]. Segir hann ákærða vera kolvitlausan aftan í þeim og ögra þeim með árekstri. Sérsvetitinn hafi komið og sótt ákærða í fyrra eftir líkamsárás á brotapolann. Brotapolinn segist vera við [...]veg nr. og ákærði sé að elta þau og djöflast í þeim þarna. Hann sé að keyra með ákærða aftan í rassgatinu á sér inn fjörðinn og þau séu að koma að [...]. Fyrir fimm mínútum hefði hann verið alveg utan í þeim. Heyra má brotapolann segja: „Djöfullinn sjálfur, hann ætlar alveg utan í bílinn hérna, nei, hann er að reyna að fara hérna framhjá okkur, djöfullinn, ég veit það.“ Heyra má að brotapolinn er að tala við einhvern. Lögreglumaðurinn sem ræðir við brotapola spyr hvort það sé möguleiki að þau geti ekið í átt að Reykjavík. Brotapolinn segir þá að hann þurfi að taka U-beygju og hann sé hræddur um að ákærði komi inn í hliðina á sér. Hann sé að koma að [...]á og nái ekki að snúa við með manninn í sér. Segir lögreglumaðurinn þá að þá fari brotapoli á móti lögreglu sem komi frá Vínlandsleið í Reykjavík. Brotapoli segist skilja það og hann sé að aka á 30–40 km/klst. svo hann sé ekki að skapa hættu í umferðinni og segir svo að ákærði sé ennþá aftan í þeim. Fram kemur að lögregla muni halda í áttina til þeirra og þakkar brotapoli fyrir það.

Brotapolanum er síðan sagt að það séu 20 mínútur í lögreglu og að nokkrir bílar séu á leiðinni. Brotapoli segir þá að það sé ekki hægt að vera með manninn svona. Brotapolinn segir svo að hann sé að fara yfir [...]brúna á leiðinni inn úr og spyr hvort hann eigi að taka [...]veginn og segist ekki vilja fara út fjörðinn, þar sé svo hættulegur akstur. Brotapoli segir að ákærði sé að reyna að taka fram úr eins og fáviti. Brotapoli segir svo að hann sé á [...]brúnni og segist geta farið inn til hægri í átt að [...]vegi og er honum leiðbeint með að gera það, þá geti lögregla komið á móti honum og hitt hann við

[...]vatn. Brotapoli segist vera hræddur um að ákærði fari heim til þeirra. Brotapoli er spurður hvort ákærði sé enn á eftir þeim og segir hann svo vera og að þau séu á 50 km/klst. hraða. Þeim er svo sagt að fara [...]veginn og segist brotapolinn vera þar og fara að [...]vatni. Brotapolinn segir að það sé erfitt að snúa við þar sem hann sé á stórum bíl og er honum sagt að aka hringinn. Brotapola er sagt að lögregla sé á leiðinni, m.a. lögreglumótorhjól, og brotapoli svarar því að hann myndi ekki senda mótorhjól nálægt þessum manni. Brotapoli segist svo vera hjá bænum [...]. Brotapoli segir þá að ákærði fái bræðiköst og tjúllist. Hann er spurður hvort ákærði sé á eftir honum út af kærnum frá honum en brotapoli svarar því til að það sé vegna þess að þau eigi [...] og ákærði sé með bústað í miðju landinu. Ákærði hafi ráðist á hann þegar ákærði hafi verið að girða í óleyfi innan [...], hann sé með 18 hesta þar í óleyfi og ef eitthvað sé gert í því verði hann alveg „crazy“. Ákærði hafi verið að girða aftur í óleyfi og hann hafi tekið girðingarnar niður. Því sé ákærði alveg á suðupunkti núna. Fram kemur svo að lögreglan sé að nálgast Kjalarnesið eða [...]. Brotapoli er spurður hvar hann sé núna og þá endar símtalið.

Á upptöku úr síma brotapola sem liggur fyrir í málinu má sjá græna bifreið koma akandi að brotapolum þar sem þau sitja í bifreið sinni. Rödd brotapolans B heyrir segja: „Hann á eftir að keyra á okkur“ og brotapolinn A svarar: „Ég veit það, þetta er bilaður maður.“ Síðan segir B: „Nei, nei, nei, við erum ekki að fara að lenda í slysi.“ A segir svo að ákærði komi keyrandi að þeim á litlum bíl og ætli að keyra á þau. Sjá má að ákærði virðist líta til hægri og teygja sig með hægri hendi yfir til hægri en ekki sést hvað hann er að gera. Heyra má brotapolann A segja: „Hann ætlar að keyra á okkur, alveg kolvitlaus.“ Sjá má að brotapolinn A bakkar bifreið sinni og segir að ákærði sé þarna að ástæðulausu að ögra þeim með bílnum. Þar sem brotapolinn bakkar bifreiðinni fylgir bifreið ákærða á eftir. Brotapolinn A segir að þau þurfi að víkja þar og brotapolinn B býðst til að halda á myndavélinni. Má sjá að hraða bifreiðar ákærða er ýmist hægt eða hraðað. Brotapolinn B segir síðan að ákærði ætli að keyra á þau. Brotapolinn A beygir bifreiðinni til vinstri og er þá bifreið ákærða ekið upp að hlið þeirra. Brotapolinn ekur þá í burtu og sjá má að bifreið ákærða er ekið á eftir þeim. Brotapolinn B segir þá: „Hann er að fara að keyra á okkur hérna“ og brotapolinn A segir: „Ég veit það, haltu áfram að taka upp.“ Brotapolinn B segir svo: „Þetta er kolbrjálður maður, stórhættulegur“ og svo segist hún ekki sjá hann. Brotapolinn A segir að ákærði sé að koma en brotapolinn B segir þetta bara vera reyk á veginum. Má síðan sjá að bifreið ákærða er komin á eftir þeim. Brotapolinn B segir: „Það sést bara reykur, ég meina, við fáum svaka högg á okkur ef hann keyrir á okkur.“ Skömmu síðar lýkur upptökunni.

Að síðustu liggur fyrir myndupptaka tekin á malarplani þar sem sjá má brotapolann B skjálfandi og í miklu uppnámi. Heyra má hana segja: „Ég get ekki hætt að skjálfa, hann hefði getað drepið okkur bæði.“ Hún grætur og segir: „Það gerir enginn

neitt.“ Síðan segir hún: „Ég er dofin í vinstri hendinni, er ég að fá hjartaáfall?“ Brotapolinn A biður hana þá um að reisa sig upp og anda rólega. Skömmu síðar róast brotapolinn B. Hún segir svo: „Hann var næstum búinn að drepa C, hann á eftir að drepa okkur, hann á eftir að drepa einhvern í þessari fjölskyldu.“ Hún segir svo: „Lögreglan veitir honum áminningu þangað til hann drepur einhvern eða kveikir í“ og: „Er ekki hægt að láta loka hann inni, hann á heima á Kleppi, þessi maður.“

Í málinu liggur fyrir skýrsla um hnífinn í ákærulið 3. Samkvæmt henni er heildarlengd hnífsins 30 cm en lengd hnífsblaðsins mældist 18 cm. Mesta breidd hnífsblaðsins mældist 3 cm og breidd bakka mældist 3 mm. Um er að ræða svokallaðan veiðihníf af gerðinni Reapr.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kaus að mæta ekki fyrir dóminn til þess að gefa skýrslu í málinu. Þess í stað sendi hann dóminum bréf sem lagt var fram í málinu. Í því kemur fram að hvolpur í hans eigu hafi hlaupið að bifreið brotapola sem hafi þá ekið yfir hann. Hvolpurinn hefði þó komist undan en þegar hann hefði farið að skoða hvolpinn hefði komið í ljós að rófa hans var brotin. Brotapoli hefði ekið í burtu og hann farið á eftir honum til að ræða við hann. Brotapoli hefði hins vegar ekið á burt en hann elt. Við bæinn [...] hefði brotapoli farið að keyra mjög hægt, eða á milli 30 og 40 km/klst. hraða þar sem hámarkshraði sé 90 km/klst. Þar sem hann hefði átt leið að [...] til að kaupa sígarettur hefði hann reynt að aka fram úr brotapola og gefið stefnuljós. Brotapoli hefði hins vegar reynt að keyra hann út af veginum þannig að engu hefði mátt muna að hann lenti í skurði meðfram veginum. Hann hefði náð að forðast það, en bifreið hans hefði skemmst verulega við þetta og nýlegt pústkerfi í honum hefði eyðilagst. Hann hefði þurft að farga bifreiðinni þar sem ekki hefði tekið því að gera við hana eftir þetta. Hann hefði þó komist heim eftir að reyna að koma við í [...] en þar hefði verið lokað. Þegar hann hefði nálgast heimili sitt hefði hann séð tvö mótórhjól með blikkandi blá ljós og síðan lögreglu- og sjúkrabifreiðar með blikkandi blá ljós. Hann hefði talið að eitthvert slys hefði orðið og því drifið sig heim. Þá hefði hann séð mótórhjól með blá ljós í heimreiðinni og keyrt að útskoti á veginum. Þá hefði lögregla komið og dregið hann út úr bílnum og handjárnað.

Brotapolinn A kvaðst hafa verið að aka um jörðina sína með eiginkonu sinni er ákærði hefði komið að þeim með ofsaakstri. Brotapoli hefði þegar sett myndupptöku í gang í símanum sínum þegar hann hefði séð aksturslagið hjá ákærða, enda talið ástæðu til vegna fyrri samskipta við ákærða. Ákærði hefði ekið með offorsi upp brekkuna og komið með ógnandi hætti að þeim. Þau hefðu verið á stórri bifreið, [...], en ákærði á lítilli Toyota Corolla bifreið. Þau hefðu í upphafi bakkað undan ákærða og síðan tekist að komast framhjá honum en hann hefði þá elt þau með rykkjandi akstri. Þau hefðu ákveðið að fara ekki heim heldur beygt inn [...] og ákærði hefði haldið áfram að elta þau. Þau

hefðu reynt að vera með upptökuna í gangi á símanum eins og hægt var en upptakan hefði hætt þegar þau hefðu hringt í lögregluna. Þau hefðu ekið framhjá [...] hring um [...] og hægt á sér en ákærði hefði ekki snúið við. Ekki hefði verið mikil umferð, en þau hefðu gætt þess allan tímann að keyra ekki of greitt til að mynda ekki hættu og halda ákærða fyrir aftan sig. Brotapolinn taldi að ökuhraðinn hefði verið á bilinu 30–60 km/klst. Ákærði hefði gert nokkrar tilraunir til að taka fram úr þeim en þau hefðu hindrað það til að fá hann ekki í hliðina eða framan við sig. Þau hefðu talið ákærða ætla utan í bílinn og hann hefði verið að ögra þeim með því að reyna að aka framhjá. Um 5–10 cm hefðu verið milli stuðara. Brotapolarnir hefðu talið lífi sínu og heilsu hætta búin og óttast hvað ákærði gæti gert þeim. Þau hefðu verið mjög óttaslegin og talið að ákærði væri að reyna að keyra á þau. Þau hefðu alls ekki reynt að þvinga ákærða af veginum. Lögreglan hefði ráðlagt þeim að beygja og þar hefðu þau séð lögreglubíl. Þau hefðu svo ekið heim og verið í miklu áfalli vegna háttalags ákærða. Þeim hefði fundist sér mjög ógnað.

Brotapolinn kvaðst einungis kannast við ákærða. Hann væri nágranni sinn og fyrrverandi eigandi jarðarinnar sem þau hjónin eigi. Ákærði telji sig enn eiga landið. Þau hjónin hefðu keypt landið af [...] í nóvember 2018, en bankinn hefði eignast það eftir þrot. Ákærði hefði nýtt jörðina án heimildar og verið með hesta á beit á lóð þeirra hjóna í óþökk þeirra. Ef þau styggðu við hestunum á einhvern hátt kæmi ákærði. Brotapoli kvaðst ekki vita hvers vegna ákærði hefði komið að þeim í þetta sinn, en slíkt hefði gerst áður. Ákærði hefði skrifað um hann á facebook og hann hefði farið í meidyrðamál við hann. Ekkert sérstakt hefði gerst þennan dag. Þá kannaðist hann ekki við að hafa séð neinn hvolp frá ákærða þennan dag, hvað þá að hafa ekið yfir hvolp, en hann færi ekki nálægt húsi ákærða. Það hefði hvarflað að brotapolum að ákærði vildi ræða við þau en þau hefðu ekki viljað það þar sem hann hefði áður ógnað þeim og jafnvel veist að þeim. Eftir atvikið hefði hann ætlað að taka upp á símann sinn þar sem lögreglan hefði stöðvað ákærða, en hefði þá tekið eftir því að eitthvað væri að gerast hjá eiginkonu sinni og tekið myndband af því. Þannig hefði hann tekið upp ástand hennar eftir atvikið. Brotapolinn kvað annan son þeirra hjóna hafa komið heim eitt sinn í áfalli. Hann hefði þá lent í því að ákærði hefði elt hann á bifreið og þvingað hann upp í mikinn hraða. Eftir þetta óttaðist öll fjölskyldan ákærða. Þau athuguðu alltaf hvort hann væri heima þegar þau færu af stað og byggju við stanslausan kvíða og ótta. Þau hefðu ætlað sér að nýta landið, t.d. setja upp sumarbústaði, en hefðu fallið frá öllum slíkum hugmyndum vegna ákærða. Þau færu ekki inn á landið lengur til að þurfa ekki að hitta hann.

Brotapolinn B kvaðst hafa verið með eiginmanni sínum í bifreið á landareign þeirra þegar þau hefðu séð bifreið ákærða bruna á fullri ferð á móti þeim. Eiginmaður hennar hefði ekið og þau hefðu reynt að forðast árekstur með því að bakka bifreiðinni. Þeim hefði svo tekist að komast fram fyrir ákærða og aka út á veg en ákærði hefði elt þau. Hún hefði haldið að ákærði myndi aka á þau og fórna sjálfum sér. Eiginmaður

hennar hefði tekið upp myndband á símann sinn og rétt henni símann þegar hann hefði bakkað og snúið við. Þau teldu sig ávallt í hættu vegna ákærða ef þau færu inn á landið og hefðu lært að öruggast væri að vera viðbúin. Hún hefði orðið mjög hrædd við þetta enda hefði ákærði getað verið með hvaða vopn sem er í bifreið sinni. Þau hefðu hringt í lögregluna en ákærði hefði elt þau stóran hring í sveitinni. Einhver umferð hefði verið en ekki mikil. Þau hefðu í fyrstu ekið hratt en hægt á sér þegar þau hefðu verið komin út á þjóðveginn og gætt þess að ekki stafaði hættu af fyrir aðra umferð. Ákærði hefði ítrekað reynt að taka fram úr þeim en þau hefðu hindrað það með því að aka bifreið sinni út á miðjan veginn, svo hann gæti ekki stoppað þau og ráðist að þeim. Þau hefðu alls ekki reynt að þvinga ákærða af veginum. Þau hefðu upplifað sig í mikilli hættu við þetta.

Brotapolinn kvaðst ekki þekkja ákærða eða eiga við hann samskipti, en hann byggi í húsi inni á landinu þeirra og léti eins og hann ætti landið. Ef þau gerðu eitthvað þar lentu þau í honum. Ekkert hefði gerst umræddan dag sem hefði kallað á viðbrögð af hans hálfu. Hann hefði enga ástæðu haft til að elta þau. Þetta geti einfaldlega gerst ef þau fari inn á landið. Þá segi ákærði ýmislegt opinberlega um þau sem enginn fótur sé fyrir. Aðspurð kvaðst hún ekki muna eftir að hafa séð neinn hvolp og þau hefðu vissulega ekki ekið yfir neinn hvolp. Eftir atvikið hefði hún verið í miklu áfalli, skolfið og fundið fyrir dofa í vinstri hendi. Brotapolinn kvað son þeirra hjóna hafa greint þeim frá því að hann hefði lent í því að ákærði hefði elt hann á bifreið um [...]. Hann hefði orðið mjög hræddur og verið kominn á mikinn hraða. Þetta ástand hafi leitt til þess að hún þori ekki lengur að fara inn á landið sitt. Hún fái mikinn kvíða þegar hún þurfi að vera í kringum þetta svæði en þau eigi sífellt von á því að þau eða fjölskyldumeðlimir verði fyrir ofbeldi af hálfu ákærða.

Lögreglumaður nr. D greindi frá viðtali við brotapolann B á vettvangi. Hún hefði verið mjög hrædd og grátandi. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði elt þau hjónin á bifreið og þau hefðu verið mjög óttaslegin. Annar lögreglumaður hefði rætt við hinn brotapolann. Vitnið kvaðst hafa ekið forgangsakstri á vettvang. Ákærða hefði verið gefið merki um að stöðva en hann hefði numið staðar á malarvegi sem legið hefði að sveitabæ. Vitnið treysti sér ekki til að segja til um aksturslag ákærða. Ekki hefði verið mikil umferð á svæðinu.

Lögreglumaður nr. E kvaðst hafa rætt við brotapolann A á vettvangi. Brotapolinn hefði greint henni frá því að ágreiningur hefði verið við ákærða um girðingu. Ákærði hefði þennan dag komið að brotapolanum og konu hans ógnandi á bifreið og brotapolinn hefði verið í uppnámi eftir atvikin. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa séð akstur ákærða eða þegar hann var stöðvaður.

Lögreglumaður nr. F kvaðst hafa komið á vettvang eftir tilkynningu um að maður væri að elta bifreið. Þegar að hefði verið komið hefði umferðardeild verið komin á vettvang og verið að reyna að stöðva ákærða. Tvö mótorhjól hefðu verið á staðnum með

blikkandi blá ljós. Ákærði hefði ekið áfram þjóðveginn og inn á sveitaveg þar sem hann hefði stöðvað skömmu síðar. Vitnið taldi að ákærði hefði ekið í um hálfra mínúta á sveitaveginum áður en hann hefði stöðvað. Hann hefði verið beðinn um að koma út úr bifreiðinni en neitað því. Lögregla hefði þá orðið vör við stóran veiðihníf í farþegasætinu og ákærði verði færður úr bifreiðinni og í handjárn. Hann hefði svo verið færður á lög-reglustöð og rætt við hann. Ákærði hefði verið ósáttur við handtökuna. Vitnið kvað litla umferð hafa verið á svæðinu. Hann hefði ekki séð aksturslag ákærða meðan hann hefði elt brotþola og ekki hitt brotþolana á vettvangi.

Lögreglumaður nr. G kvaðst hafa ekið lögreglubifreið inn [...]veg. Hann hefði séð eftirförina koma þar á móti sér og lögreglumenn í umferðardeild hefðu búið til pláss svo hún gæti skotist þar inn á milli. Þeir hefðu verið á mótörhjólum með blá ljós og gefið ákærða merki um að stöðva. Hún hefði líka verið með kveikt á bláu ljósunum. Ákærði hefði beygt inn að bænum og ekið áfram stutta stund en svo stöðvað. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig aksturslag ákærða hefði verið, en hann hefði ekki stöðvað strax. Hann hefði ekið áfram í smástund eftir að hún hefði skorist í leikinn, hugsanlega um hálfra mínútu, beygt og ekið inn á annan vegarkafli. Lítil umferð hefði verið á staðnum. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa talað við ákærða og hún hefði ekki hitt brotþola.

Lögreglumaður nr. H kvaðst hafa svarað útkalli uppi í [...] vegna bifreiðar sem væri að elta aðra. Hann hefði verið á öðru af tveimur mótörhjólum sem mættu á staðinn. Hann hefði séð bifreið ákærða og farið á eftir honum á [...]vegi. Ákærði hefði ekið inn [...]veg og lögregla þá sett upp blá ljós og veitt honum eftirför. Vitnið hefði óskað eftir því að lögreglubifreið kæmi einnig á vettvang öryggisins vegna. Ákærði hefði beygt inn á heimreið að heimili sínu og stöðvað þar. Ákærði hefði verið tekinn út úr bílnum en hann hefði verið með hníf meðferðis. Lítil umferð hefði verið á svæðinu. Hann kvaðst ekki muna til þess að eitthvað hefði verið athugavert við aksturslag ákærða. Hann hefði ekki ekið of hratt, en hefði ekki stöðvað þrátt fyrir blá ljós og sírenur allt frá [...]vegi. Bæði mótörhjólin og lögreglubifreiðin sem mættu á vettvang hefðu gefið honum þessi stöðvunarkerki. Hann taldi allt að fimm mínútur hafa liðið frá því að merkin hefðu verið gefin þar til ákærði hefði stöðvað og ákærði hefði ekið um 1 km langa leið frá gatnamótum upp heimreiðina þar til hann hefði stöðvað. Hann kvað ákærða hafa virst í ójafnvægi en vissi ekki af hverju eða hverjar skýringar hans hefðu verið á vettvangi. Þá hefði hann ekki hitt brotþola.

Lögreglumaður nr. I kvaðst hafa ekið hinu mótörhjólinu á vettvangi. Um hefði verið að ræða nágrannaerjur sem hefðu endað með því að einn hefði elt annan. Hann hefði strax séð að eitthvað var að þar sem bifreiðarnar hefðu ekið síkksakk og verið mjög nálægt hvor annarri. Hann hefði komið að eftirförinni á [...]vegi, tekið u-beygju á eftir þeim og farið áfram inn [...]veg þar sem ákærða hefðu verið gefin merki um að stöðva. Eltingarleikurinn hefði síðan endað á veginum fyrir ofan þar sem ákærði hefði verið

handtekinn. Ákærði hefði ekki ekið hratt en ekki stöðvað fyrir en á þeim vegi þrátt fyrir blikkandi blá ljós frá mótörhjólunum og lögreglubifreið. Lítil sem engin önnur umferð hefði verið á staðnum. Vitnið kvaðst ekki hafa góða tilfinningu fyrir því hve langan tíma þetta hefði tekið þar sem langt væri um liðið, en hugsanlega hefði liðið hálf mínúta. Hann kvaðst ekki hafa rætt við ákærða en minna að hann hefði verið tiltölulega rólegur.

Niðurstaða

Í máli þessu eru ákærða gefin að sök brot gegn almennum hegningarlögum, umferðar-, lögreglu- og vopnalögum í þremur liðum sem framin hafi verið að kvöldi fimmtudagsins 24. júní 2021. Ákærði neitar sök.

Ákærði hefur krafist þess að 1. lið ákærunnar verði vísað frá dómi. Byggir krafa hans á því að samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 sé það markmið rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Á meðal þeirra gagna sem óhjákvæmilegt sé að afla við rannsókn máls séu framburðarskýrslur vitna og brotþola. Mikilvægt sé að þær skýrslur séu teknar lögum samkvæmt, en það horfi bæði til þess að tryggja lögbundin réttindi sakbornings og jafnframt til þess að þau gögn séu vönduð og vel unnin sem ákærandinn byggir ákvörðun sína um saksókn á. Það sé mat ákærða að réttinda hans í málinu, við skýrslugjöf brotþola hjá lögreglu, hafi ekki verið gætt með fullnægjandi hætti. Skorti þar mikið á varðandi skýrslugjöf brotþolanna A og B. Það sé mat ákærða að framburðarskýrslur þeirra hjá lögreglu hafi verið teknar með svo óvönduðum hætti að ekki sé fullnægt áskilnaði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um nauðsynlega gagnaöflun við rannsókn máls. Þá sé framburður þeirra á vettvangi hvorki undirritaður né staðfestur og ekki sé um eiginlega skýrslutöku að ræða heldur frásögn lögreglu af vettvangi. Brotþolarnir hafi komið saman til lögreglu ásamt lögmanni og gefið samræmdan framburð. Úr þessu verði ekki bætt fyrir dómi og því sé nauðsynlegt að vísa þessum lið ákærunnar frá dómi.

Samkvæmt gögnum málsins komu brotþolarnir A og B á lögreglustöð þann 1. júlí 2021 ásamt lögmanni og lögðu fram skriflega kæru á hendur ákærða og beiðni um nálgunarbann og var þá tekin skýrsla af þeim. Gáfu þau skýrslu sameiginlega að viðstöddum lögmanni sínum. Ljóst er að þetta fyrirkomulag er ekki í samræmi við VIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en eins og greinir í 3. mgr. 62. gr. skal spyrja hvern mann án nærveru annarra. Til þess er hins vegar að líta að brotþolarnir gáfu skýrslu hvort í sínu lagi strax eftir atvikin. Ekki er þörf á því að þau hafi staðfest slíka skýrslu, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 88/2008. Lögreglumenn komu fyrir dóminn og staðfestu skýrslugjöf brotþolanna á vettvangi. Er ekki annað að sjá en að þær skýrslur hafi verið teknar í samræmi við ákvæði laga nr. 88/2008. Þá liggja fyrir upptökur af

vettvangi og kemur því ekki að sök þótt ekki verði byggt á sameiginlegum framburði brotþola hjá lögreglu. Verður kröfu ákærða um frávísun á 1. lið ákærunnar því hafnað.

Í 1. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök hættubrot og umferðarlagabrot með því að hafa ekið bifreið sinni án gilda ökuréttinda og á vítaverðan og ógnandi hátt að bifreið, sem í voru brotþolarnir A og B, um [...] í [...] þar sem hann hafi hafið eftirför á eftir þeim um 10 km langan vegarkafla, allt að [...]landi og aftur á Þjóðveg [...], en á meðan á akstrinum stóð hafi hann gert tilraun til að þvinga brotþola út af veginum. Er honum gefið að sök að hafa með þessari háttsemi stofnað lífi og heilsu brotþola í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.

Ákærði neitar sök. Eins og að framan greinir gaf hann ekki skýrslu fyrir dómi, en ritaði bréf með skýringum sínum þar sem fram kemur að hann hafi ætlað að ræða við brotþola þar sem þau hefðu ekið yfir hvolp í hans eigu. Hann gengst við því að hafa elt brotþola en kveðst hafa átt leið að [...] sem síðan hafi reynst lokað. Þá lýsir hann því að brotþolar hafi reynt að keyra hann út af veginum. Á vettvangi kvaðst hann í upphafi hafa ekið á eftir brotþolum þar sem þau hefðu tekið niður girðingar hans, en breytti frásögn sinni síðan þannig að hann hefði séð þau aka yfir hund í sinni eigu. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu daginn eftir atvikið. Þar greindi hann frá því að brotþolar hefðu ekið yfir hvolp hans en hvolpurinn hefði sloppið. Það hefði fokið í hann og hann hefði farið út til að ræða við brotþola. Hann hefði ekið upp að [...] og þeir hefðu mæst þar en vegurinn væri of þröngur til að mætast. Brotþoli hefði því bakkað og hann hefði ætlað að ræða við hann um hvað honum hefði gengið til. Þegar brotþoli hefði ekið á brott hefði hann farið á eftir honum og ætlað fram úr en brotþoli hefði ætlað að keyra hann út af tvisvar sinnum. Hann hefði ekið hægt og ekki hleypt sér í burtu. Ákærði kvaðst hafa ætlað að fara fram úr brotþolum og stoppa þau eins og hann hefði alltaf gert. Þeir hefðu mætt 10 vélhjólum og mennirnir á þeim hefðu verið vitni að því að hann væri að reyna að taka fram úr. Þá hefði lögreglan, sem mætt hefði á mótorhjólum, séð að brotþoli væri að keyra hann út af. Hann kvaðst ekki þekkja brotþolana og ekki eiga samskipti við þau nema í gegnum lögmenn. Hann hefði þó rifist við brotþolann A og sagt honum að fara af landareign sinni og jafnframt sagt honum að fara til helvítis. Hann taldi sig ekki hafa verið ógnandi daginn áður nema hann hefði verið það í bifreiðinni. Spurður hvort hann gerði sér grein fyrir því að hann gæti valdið ótta með háttalagi sínu kvað hann það vel geta verið en hann héldi þó ekki enda væri þetta maður sem kynni að svara fyrir sig.

Brotþolar hafa bæði lýst miklum ótta yfir háttalagi ákærða sem hafi elt þau með mjög ógnandi hætti og ítrekað gert tilraun til að þvinga þau út af veginum. Þau hafi talið lífi sínu og heilsu hætta búin. Framburður brotþolanna beggja er trúverðugur og í samræmi við gögn málsins. Einungis eitt annað vitni varð að framangreindum akstri, en það var lögreglumaður sem taldi sig strax hafa orðið þess var að eitthvað væri að. Bifreiðarnar hefðu síkksakkað um veginn og verið mjög nálægt hvor annarri.

Í málinu liggja fyrir tvö myndbönd og hljóðupptaka frá umræddum degi. Á fyrra myndbandinu sést hvernig bifreið ákærða kemur að bifreið brotþola sem hörfa undan en tekst síðan að komast framhjá ákærða. Hann sést síðan koma á eftir þeim. Brotþoli hringir þá í lögregluna og liggur fyrir um 10 mínútna löng upptaka af samtali hans við neyðarlínuna. Í samtalinu lýsir hann því sem er að gerast og kemur þar fram að ákærði sé að ögra þeim með akstri sínum, og reyna að keyra þau af veginum og þau óttist mjög hvað geti gerst. Þá séu þau að forðast að skapa öðrum vegfarendum hættu. Í síðara myndbandinu sést ástand brotþolans B að eltingarleiknum loknum.

Með framangreindum gögnum og framburði fyrir dómi er sannað að ákærði ók með vítaverðum og ógnandi hætti að bifreið brotþola og veitti þeim eftirför í talsverða stund þar sem hann gerði tilraun til að þvinga þau út af veginum. Það er mat dómsins að ákærði hafi með akstri sínum af ásetningi stofnað lífi og heilsu brotþola í augljósan háaska á ófyrirleitinn hátt. Verður hann því sakfelldur fyrir hættubrot, sbr. 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í þessum sama ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa ekið án gilda ökuréttinda. Fyrir liggur að ökuréttindi ákærða runnu út við [...] árið 2018. Hann kvaðst hjá lögreglu hafa gleymt að endurnýja réttindi sín og svo hefði covid komið. Hann kannaðist við að hafa áður fengið sekt vegna þessa. Með hliðsjón af framangreindu verður ákærði einnig sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Í 2. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn lögreglulögum með því að hafa ekki hlýtt fyrirmælum lögreglu um að stöðva bifreið sína þar sem honum voru gefin merki með forgangsljósum og hljóðmerkjum. Tvö mótórhjól frá umferðardeild mættu fyrst á staðinn og fylgdu ákærða eftir. Síðan kom lögreglubifreið og slóst í hópinn. Samkvæmt skýrslu lögreglu voru ákærða gefin merki um að stöðva með bláum forgangsljósum og hljóðmerkjum þegar hann ók inn á [...]veg. Þaðan ók hann áfram án þess að stöðva inn á [...]veg og ók að lokum inn afleggjara að bænum [...] áður en hann stöðvaði. Ákærða voru gefin fyrirmæli um að stíga út úr bifreiðinni en gerði það þó ekki.

Ákærði neitar sök. Hann greindi frá því á vettvangi að hann hefði ekki stöðvað þar sem hann hefði ætlað að aka upp að girðingu sem brotþoli hefði tekið upp og sýna lögreglunni. Í bréfi ákærða til dómsins kemur fram að hann hafi talið að slys hefði orðið þegar hann hefði séð bláu ljósin og drifið sig heim þess vegna. Í skýrslu hjá lögreglu daginn eftir atvikið kvaðst hann hins vegar ekki hafa áttað sig á því hvað lögreglan hefði verið að gera og taldi að brotþoli hefði einhver ítök í lögreglunni. Hann hefði hlýtt lögreglunni og stöðvað.

Fyrir dóminn komu fjórir lögreglumenn sem lýstu því hvernig ákærða hefðu verið gefin stöðvunarmerki en hann þrátt fyrir það ekki stöðvað. Ljóst er að ákærði ók áfram nokkurn spöl eftir að lögregla gaf honum merki um að stöðva. Hann hefur viðurkennt að hafa orðið var við merki lögreglu. Þar sem honum var veitt eftirför fór ekki á milli mála

að merkin beindust að honum. Verður ákærði því sakfelldur og er brotið rétt heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Í 3. lið ákærunnar er ákærða gefið að sök vopnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum hníf sem var í framsæti bifreiðar hans þegar lögregla hafði afskipti af honum. Ákærði neitar sök. Á vettvangi tjáði hann lögreglu að hnífurinn væri fyrir girðingavinnu en neitaði síðan að kannast við neinn hníf. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst hann hafa haft hnífinn þarna í mörg ár. Hann væri úr versluninni [...] og hlyti að vera löglegur. Hann væri bóndi og því alltaf með hníf og hann hefði verið í girðingarvinnu.

Í málinu liggja fyrir myndir af umræddum hníf. Samkvæmt rannsókn lögreglu er hnífurinn 30 cm að lengd í heildina en lengd hnífsblaðsins 18 cm. Þá kemur fram að hnífur sem þessi sé í daglegu tali kallaður veiðihnífur. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998 er bannað að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu. Ákærði hefur ekki sýnt fram á að hann hafi þurft að hafa hnífinn í farþegasæti bifreiðar sinnar vegna atvinnu eða með hvaða hætti hann hafi notað hann við girðingarvinnu, en samkvæmt framburði hans hjá lögreglu og bréfi til dómsins var hann ekki að koma frá slíkri vinnu umrætt sinn. Telst varsla hans á hnífnum því brot gegn vopnalögum og verður ákærði sakfelldur fyrir þennan ákærulið og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákærunni.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 25. maí 2023, á ákærði að baki sakaferil sem nær allt aftur til ársins 1972. Nú síðast var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2022 og gert að sæta fangelsi í 30 daga skilorðsbundið í tvö ár. Þá gekkst hann undir lögreglustjórasátt vegna umferðarlagabrots [...] 2021. Brot ákærða nú voru framin fyrir gerð framangreindrar viðurlagaákvörðunar og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur og verður ákærða því dæmdur hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við ákvörðun refsingar verður litið til alvarleika brota ákærða í 1. lið ákærunnar, einbeitts ásetnings ákærða og þeirra áhrifa sem brot hans hafði. Með hliðsjón af öllu framangreindu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Með hliðsjón af aldri og sakaferli ákærða þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði sviptur ökurétti ævilangt.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er gerður upptækur hnífur af gerðinni Reapr sem hald var lagt á við rannsókn málsins.

Af hálfu A og B er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna til hvors um sig. Brotþolar eiga rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki

liggja fyrir gögn um afleiðingar brotsins en brot ákærða er til þess fallið að valda miska og ljóst er af framburði brotaþola að það hefur haft miklar afleiðingar í för með sér fyrir þau. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 400.000 krónur til hvors brotaþola um sig ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir. Þá eiga brotaþolar rétt til málskostnaðar sem ákveðinn verður í einu lagi 1.416.204 krónur.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 843.696 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, en ekki leiddi annan kostnað af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Klara Dögg Steingrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Kröfu ákærða, Höskuldar Péturs Jónssonar, um frávísun á ákærulið 1 er hafnað.

Ákærði, Höskuldur Pétur Jónsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði sæti upptöku á hníf af gerðinni Reapr.

Ákærði greiði A og B hvoru um sig 400.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. júní 2021 til 23. júlí 2023, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga, til greiðsludags og 1.416.204 krónur í málskostnað

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 843.696 krónur.

Barbara Björnsdóttir